

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B106-110

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 106-110

Nr. 720-747

2004

Efnisyfirlit B 106–110 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
720	27. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002, um friðunarsvæði við Ísland	1829
721	31. ágúst	Auglýsing um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2004–2005	1829
722	1. sept.	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1830
723	1. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000–2012, Sultartangalína 3, Bláskógabyggð	1831
724	1. sept.	Auglýsing vegna riðu í Árnessýslu	1831–1832
725	1. sept.	Auglýsing um skilgreiningu línubrjótafjár í Árnessýslu	1832–1833
726	1. sept.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og batur vegna niðurskurðar	1834
727	25. ágúst	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Ölfuss .	1835–1847
728	30. ágúst	Reglugerð um fljótandi eldsneyti	1848–1853
729	31. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996–2015, Kröflusvæði	1853
730	26. ágúst	Auglýsing um nýtt deiliskipulag við Hjalladæl á Eyrarbakka	1854
731	30. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri	1854
732	31. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985–2005, Þingeyraroddi	1854–1855
733	30. ágúst	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.	1855
734	31. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000–2012, Hörðuvellir, Tröllakór	1855
735	31. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994–2014, Ytri- og Syðri-Varðgjá	1856
736	19. ágúst	Auglýsing hreppsnefndar Reykhólahrepps um samþykkt deiliskipulag	1856
737	30. ágúst	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 11/2004 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005	1857
738	1. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Hafnarfirði	1858
739	18. ágúst	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu	1858–1870
740	20. ágúst	Skipulagsskrá fyrir Sumartónleika í Skálholtskirkju.....	1870–1872
741	2. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Strikið 6 í Sjalandi í Garðabæ	1872
742	27. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Mosfellsbæ	1872–1873
743	3. sept.	Auglýsing um deiliskipulag Höfðahverfis, Þratarhöfði, Mosfellsbæ	1873
744	7. sept.	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði	1874

Framhald á 3. kápusíðu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 2004

27. ágúst 2004

1829

Nr. 720

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002,
um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 1. tl. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fisk-
veiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

31. ágúst 2004

Nr. 721

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2004-2005.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á
búvörum, með síðari breytingum hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti
verðlagsárið 2004-2005, verði kr. 170 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu
og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Stjórnartíðindi B 106, nr. 720–721. Útgáfudagur 31. ágúst 2004.

B 112
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 2004

Nr. 722

1830

1. september 2004

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9004	Spergilkál	02.09-19.09.04	ótilgr.	0	113
0704.9004	Spergilkál	20.09.-30.09.04	ótilgr.	0	282

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2004

1. september 2004

1831

Nr. 723

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Sultartangalína 3, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3, á óbyggðu svæði um 50-60 m norðan við núverandi Sultartangalínu 1.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. september 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

1. september 2004

Nr. 724

AUGLÝSING

vegna riðu í Árnessýslu.

1. gr.

Sýkt svæði eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

Gutenberg

2. gr.

Bann er í allri Árnassýslu við flutningum á sauðfé og geitum til lífs milli hjarða. Sameiginlegar hrútasýningar eru bannaðar.

Á ósýktum svæðum og áhættusvæðum getur héraðsdýralæknir veitt undanþágu til samnýtingar hjarða á nágrennbæjum, enda verða hjarðirnar þá reiknaðar sem ein smitein-
ing og báðar felldar ef upp kemur riða.

3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálmi og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálmi og þökum af túnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúshverfum í Árnassýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúshverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um skilgreiningu línubrjótafjár í Árnassýslu.

1. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að í Árnassýslu skuli frá og með haustinu 2004 farga öllu sauðfé sem kemur fyrir í réttum utan sinna heimarétta sbr. 2. gr.

Allt sauðfé sem kemur fyrir utan sinna heimarétta verður flutt beint í sláturhús, lömb lögð inn hjá skráðum eiganda en fullorðið fé bætt sem um línubrjóta væri að ræða.

2. gr.

Heimaréttir skilgreinast þannig:

Svæði	Heimaréttir
Biskupstungur	Tungnaréttir
Flói og Skeið	Skaftholts- og Reykjaréttir
Gnúpverjahreppur	Skaftholts- og Reykjaréttir
Grafningur	Selflatar-, Heiðarbæjar-, Ölfus- og Nesjavallaréttir. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt og Fossvallarétt.
Grímsnes, Mjóanes í Þingvallasveit	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt og Laugarvatnsrétt.
Hlíðahólf	Úthlíð/Austurhlíð
Hrunamannahreppur	Hrunaréttir
Laugardalur	Kringlumýrarrétt, Klausturhólarétt, Efstadalsrétt og Laugarvatnsrétt
Selvogsfé	Selvogsréttir
Þingvallasveit	Heiðarbæjar-, Brúsastaða-, Selflatar- og Nesjavallaréttir. Ölfusrétt. Fé sótt beint úr Húsmúlaréttum. Dalsrétt í Mosfellsbæ, Kjósarrétt, Kollafjarðarrétt og Fossvallarétt.
Ölfus (utan Selvogs), Hveragerðisbær og Selfoss vestan Ölfusár	Ölfusrétt, Nesjavallarétt, Dalsrétt, Fossvallarétt, Húsmúlarétt og Selflatarrétt

3. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir skulu hlutast til um að tiltækir séu dilkar fyrir sjúkt fé og línubrjóta. Í leitum skal vera tiltækt sérstakt flutningstæki fyrir grunsamlegar kindur.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h.r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

1. gr.

Í stað skilgreininga í 2. gr., á misjafnlega sýktu svæði og sýktu svæði koma:
Áhættusvæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Sýkt svæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur fundist sl. 20 ár.

2. gr.

Ný skilgreining bætist við 2. gr.

Ósýkt svæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

3. gr.

1. ml. 2. mgr. 4. gr. fellur niður og í staðinn kemur: Af sýktu svæði og innan þess er óheimilt að flytja sauðfé til lífs milli hjarða.

4. gr.

7. ml. 2. mgr. 4. gr. fellur niður og í staðinn kemur: Þá er óheimilt, nema með leyfi héraðsdýralæknis og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllu,

b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að,

að flytja milli bæja innan sýkra svæða og áhættusvæða hvaðeina, sem getur borið smitefni milli staða, svo sem hey, heykögglar og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold.

5. gr.

5. ml. 1. mgr. 9. gr. fellur niður og í staðinn kemur: Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða, sýkra svæða, áhættusvæða eða ósýkra svæða, með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá leyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sóttreinsun hafi átt sér stað.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, sölu og verðlagningu á búvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Ölfuss.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa sveitarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði síðasta fimmtudag hvers mánaðar að Hafnarbergi 1, í sal Versala. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og bæjarstjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita bæjarstjórnar og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.
4. Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fund. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar

ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, heimasíðu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri sveitarfélagsins skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaoddvita bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti bæjarstjórnar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða bæjarstjórnar ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sveitarfélagsins sem boðar þá varamenn hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem bæjarstjórn hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri sveitarfélags skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarstjórnarmaður.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra sveitarfélagsins né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Bæjarstjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi og slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið

fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra sveitarfélagsins. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótaskvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef atkvæði eru jöfn með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn

og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hver skráði, hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanns.

33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat föll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldugur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarstjórnar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og jafnarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúum flokks/framboðslista kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleifa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi tvisvar í hverjum mánuði fyrsta og þriðja fimmtudag kl. 8.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarstjórnar ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Oddviti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir er aðalmanni skylt að tilkynna forföll til formanns sem boðar varamann í stað hans á fundinn. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá sveitarfélagsins og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir bæjarstjórnina.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
1. *Bæjarráð.* Þrjú bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer jafnframt með málefni vatnsveitu samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og starfar eftir 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
 3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fer jafnframt með störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, öldrunarmál skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
 4. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
 6. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 7. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Jafnframt fer fræðslunefnd með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 8. *Skólanefnd grunnskólans í Hveragerði.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
 9. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Menningarmálanefnd fer með málefni bókasafnsnefndar skv. 7. gr. laga um almenningabókasöfn nr. 36/1997 og málefni minjasafns Egilsbúðar.
 10. *Fjallaskilaneftnd.* Fimm aðalmenn og tveir til vara. Nefndin fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð. Nefndin fer með málefni riðuveiki skv. 11. gr. reglugerðar um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 651/2001.
 11. *Almannavarnaneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 82/1989.
 12. *Íþrótt- og æskulýðsneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá bæjarstjórn.
 13. *Starfskjaraneftnd.* Tveir fulltrúar.
- C. Kosning og tilnefning í nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árnessýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.
- D. Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

58. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

59. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórnina eða bæjarráð. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

60. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

61. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 60. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

62. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

63. gr.

Fyrir lok desembermánaðar skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í lok yfirstandandi fjárhagsárs.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

64. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 63. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

65. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

66. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgangur af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

67. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 63. gr. og þriggja ára áætlun skv. 66. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 65. gr.

68. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett á grundvelli 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Ölfuss nr. 334/1999, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. ágúst 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

G. Dýrleif Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis á heilsu fólks og umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldsneyti til notkunar í ökutækjum, vinnuvélum, skipum og öðrum tækjum sem búin eru rafkveikju- eða þrýstikveikjuhreyflum, auk eldsneytis til nota í iðnaði og til hitunar.

Reglugerð þessi gildir einnig um metanól sem eldsneyti fyrir flugför og flugmódel.

Reglugerð þessi gildir ekki um eldsneyti sem ætlað er til nota í siglingum milli landa, á flugvélum og í hernaði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélum.

Gasolía: Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu og tilheyrir millieimingsviði þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86. Gasolía skiptist í:

- a. Bílagasolíu (díselolíu): Gasolía sem einkum er ætluð fyrir vélknúin ökutæki, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Til bílagasolíu telst einnig gasolía til nota á færanlegar vinnuvélum sem ætlaðar eru til nota utan vegar.
- b. Skipagasolíu: Gasolía, sem ætluð er fyrir skip og báta.
- c. Aðra gasolíu: Gasolía, sem ætluð er til annarra nota en skv. a. og b. lið, svo sem til hitunar eða í iðnaði.

Svartolía: Eldsneyti sem ætlað er til nota í skipum og föstum brennslustöðvum á landi. Svartolía er unnin úr jarðolíu og flokkast sem þung olía á grundvelli eimingsviðs þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingsrhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.

4. gr.

Kröfur til eldsneytis.

Einungis er heimilt að flytja inn og selja eldsneyti sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka. Um bensín gildir I. viðauki, um bílagasolíu II. viðauki, um svartolíu og skipagasolíu III. viðauki og um aðra gasolíu IV. viðauki. Þetta á þó ekki við um metanól, sbr. 8. gr.

Í föstum brennslustöðvum á landi má ekki nota svartolíu með meiri brennisteini en 1%, sbr. III. viðauka, á þeim á svæðum þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings, nema annað sé sérstaklega tilgreint í starfsleyfi viðkomandi brennslustöðvar með viðeigandi mótvægisáðgerðum.

EKKI MÁ NOTA GASOLÍU SEM INNIHELDUR MEIRI BRENNISTEIN EN 0,1%, sbr. IV. viðauka, á þeim á svæðum þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk

fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

Um skipagasolíu gilda ákvæði í III. viðauka.

5. gr.
Eftirlit.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.
Skýrslugjöf.

Innflytjendur eldsneytis skulu senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga viðurkenndra rannsóknastofa á þeim prófunarþáttum sem tilgreindir eru í I. – IV. viðauka og skulu prófanir vera samkvæmt þeim aðferðum sem þar eru tilgreindar. Allir eldsneytisfarmar sem fluttir eru til landsins skulu prófaðir. Skila skal skýrslum fyrir 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

7. gr.
Íblöndunarefni.

Óheimilt er að selja eða setja íblöndunarefni í eldsneyti sem raskað getur efnasamsetningu eldsneytisins þannig að það uppfylli ekki ákvæði í I.-IV. viðauka. Önnur íblöndunarefni má aðeins selja eða setja í eldsneytið að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

8. gr.
Metanól.

Olúinnflytjendum er heimilt að selja vatnsblöndur metanóls til eldsneytis á flugför án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði að metanólblöndurnar séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint á sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók sem Umhverfisstofnun leggur til og skal sölubók skilað til stofnunarinnar fyrir lok hvers árs.

Verslunum er fengið hafa til þess leyfi ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, er heimilt að flytja inn og selja blöndur rísínusolíu (laxerolíu), tilbúinnar olíu og metanóls sem eldsneyti á módel-mótora. Magn rísínusolíu skal vera minnst 2% í þessum blöndum.

Sölu- og innflutningsleyfi skv. 3. mgr. skulu bundin nánari skilyrðum um flát, merkningar, færslur í sölubækur, varðveislu o.fl. í samræmi við leyfi viðkomandi verslana.

Módeleldsneyti sem inniheldur yfir 10% metanól má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri.

9. gr.
Undanþágur.

Þegar sérstaklega stendur á getur umhverfisráðherra, að fenginni skriflegri og rökstuddri umsókn hlutadeigandi og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, veitt heimild til að nota aðra gasolíu en bílagasolíu á landbúnaðarvélar og vinnuvélar utan vega með þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í hverju tilviki. Sé slík heimild veitt, ber að tilkynna hana innflutnings- og söluaðilum sem eru starfandi á hverjum tíma.

10. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Um valdsvið og þvingunarúrræði gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

12. gr.

Lagastof og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stofð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum, sbr. og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2003/17 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis. Reglugerðin byggir einnig á ákvæðum eftirfarandi áður innleiddra tilskipana sem vísað er til í tl. 6 og 6a í XVII. kafla II. viðauka og tl. 21ad í III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og þeim var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94, 90/2001 og 91/2001:

- a. tilskipun 93/12/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti,
- b. tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE,
- c. tilskipun 99/32/EB um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis og breytingu á tilskipun 93/12/EB,
- d. tilskipun 2000/71/EB um að laga mæliaðferðirnar, sem mælt er fyrir um í I., II., III. og IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB, að tækniframförum eins og kveðið er á um í 10. gr. þeirrar tilskipunar.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 784/2001, um fljótandi eldsneyti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. tekur gildi 1. janúar 2008.

Þrátt fyrir ákvæði I. viðauka er heimilt til 1. janúar 2009 að flytja inn og selja bensín sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 50 mg/kg.

Þrátt fyrir ákvæði II. viðauka er heimilt til 1. janúar 2009 að flytja inn og selja bíla-gasolíu sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 50 mg/kg.

Þrátt fyrir ákvæði IV. viðauka er heimilt til 1. janúar 2013 að flytja inn og selja aðra gasolíu sem inniheldur brennistein með markgildi allt að 0,2%, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í tæki sem búin eru rafkveikjuhreyflum.

Gerð: Bensín

Færíbreyta ⁽¹⁾	Mælieining	Markgildi ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámarg
Prófunaroktantala		95	
Hreyfilsoktantala		85	
Gufuþrýstingur sumar ⁽³⁾	kPa	–	70,0
Eiming:			
– uppgufun við 100 °C	% v/v	46,0	–
– uppgufun við 150 °C	% v/v	75,0	–
Vetniskolefnisgreining:			
– alkenar (ólefín)	% v/v	–	18,0
– arómatísk efni	% v/v	–	35,0
– bensen	% v/v	–	1,0
Súrefnisinnihald	% m/m	–	2,7
Oxuð efni:			
– metanól, bæta þarf við bindiefnum	% v/v	–	3
– etanól, bindiefni kunna að vera nauðsynleg	% v/v	–	5
– ísóprópanól	% v/v	–	10
– tert-bútýlalkóhól	% v/v	–	7
– ísóbutýlalkóhól	% v/v	–	10
– eterar með 5 eða fleiri kolefnisatóm í sameind	% v/v	–	15
Önnur oxuð efni ⁽⁴⁾	% v/v	–	10
Brennisteinsinnihald	mg/kg	–	10
Blý	g/l	–	0,005

(1) Nota skal mæliaðferðir sem tilgreindar eru í ÍST EN 228:2004 eða aðrar sambærilegar aðferðir, enda sé sýnt fram á með öyggjandi hætti að viðkomandi mæliaðferð gefi niðurstöður með sömu nákvæmni.

(2) Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 „Petroleum products – Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarks-
munar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

(3) Sumartímabilið hefst 1. júní og lýkur 31. ágúst.

(4) Önnur eingild alkóhól með lokaemingarmark ekki hærra en lokaemingarmarkið sem mælt er fyrir um í inn-
lendum forskriftum eða, þar sem þær eru ekki til, í iðnaðarforskriftum fyrir vélaeldsneyti.

II. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í ökutæki sem búin eru þrýstikveikjuhreyflum.**Gerð:** Bílagasólía (dísilólía)

Færibreyta ⁽¹⁾	Mælieining	Markgildi ⁽²⁾	
		Lágmark	Hámark
Setantala		51	–
Eðlismassi við 15 °C	kg/m	–	845
Eiming:			
95% mark	°C	–	360
Fjölhringja arómatísk vetniskolefni ⁽³⁾	% m/m	–	11
Brennisteinsinnihald	mg/kg	–	10

(1) Nota skal mæliaðferðir sem tilgreindar eru í ÍST EN 590:2004 eða aðrar sambærilegar aðferðir, enda sé sýnt fram á með óyggjandi hætti að viðkomandi mæliaðferð gefi niðurstöður með sömu nákvæmni.

(2) Sjá I. viðauka.

(3) Fjölhringja arómatísk vetniskolefni eru skilgreind sem heildar arómatísk vetniskolefni án einhringja arómatískra vetniskolefna.

III. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.**Gerð:** Svartólía og skipagasólía

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi ⁽¹⁾		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfud.	Lágmark	Hámark
Brennisteinn í svartólíu	% m/m	–	2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998 1992	–	1% ⁽²⁾
Brennisteinn í skipagasólíu	% m/m	–	0,2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998	–	0,2%

(1) Sjá skýringu (2) í I. viðauka.

(2) Sbr. 2. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

IV. VIÐAUKI
Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

Gerð: Önnur gasolía

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi ⁽¹⁾		Prófun		Markgildi vegna loftgæða	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfud.	Lágmark	Hámark
Brennisteinn	% m/m	–	0,2%	EN-ISO 14596 EN 24260 ISO 8754	1998 1987 1992	–	0,1%

(1) Sjá skýringu (2) í I. viðauka.
(2) Sbr. 3. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

31. ágúst 2004

Nr. 729

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, Kröflusvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, frá 31. desember 1997. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Jarðhitanýtingarsvæði eru afmörkuð sem iðnaðarsvæði og skiptast í a) núverandi virkjana- og orkuvinnslusvæði, b) „Vestursvæði“ og c) Sandbotna.
- Göngustígur eru uppfærðir.
- Bílastæði eru sett á uppdrátt auk þess sem tilgreint er að til þess gæti komið að þörf yrði á nýjum stæðum á skipulagstímabilinu.
- Opið svæði til sérstakra nota, útivistarsvæði er afmarkað í Leirbotnum fyrir skíðaíðkun.
- Skýringarlína er sett á uppdrátt sem skiptir jarðhitaréttindasvæði Landsvirkjunar í svæði A, Kröflusvæði, og B, Bjarnarflagssvæði.
- Mörk reits sem Landsvirkjun fékk leyfi iðnaðarráðuneytisins til að rannsaka jarðhita á þann 1. júní 2002, eru sett á uppdrátt til skýringar.
- Hverfisverndarsvæði eru afmörkuð á uppdrætti.
- Fornleifar eru merktar á uppdrátt vegna tveggja rústa innan jarðhitasvæðis A.
- Núverandi Reykjalíðarlína er merkt inn á uppdrátt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag við Hjalladæl á Eyrarbakka.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. júlí 2004 tillögu að nýju deiliskipulagi við Hjalladæl á Eyrarbakka.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 24. febrúar 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 30. apríl til 28. maí 2004 með athugasemdafresti til og með 11. júní 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 26. ágúst 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 731

30. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. apríl 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Bakkasíðu 16. Breytingin felst í því að sérstakur byggingarreitur fyrir bílskúr er felldur brott, en byggingarreitur hússins í staðinn lengdur um 4,5 m til suðausturs.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 30. ágúst 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 732

31. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985-2005, Þingeyraroddi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985-2005 frá 12. ágúst 1986.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota við íþróttasvæðið á Þingeyrarodda stækkar til norðurs á kostnað svæðis sem skilgreint er sem opið óbyggt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir heitt vatn, nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir viðeigandi gjaldskrárlíðir hækka um 5,7%.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Hörðuvellir, Tröllakór.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 9. apríl 2002.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Vatnsendavegi í Rjúpnahæð til norðurs, fyrirhuguðu íþróttasvæði í Kórahverfi (Hörðuvöllum) til austurs, opnu svæði og hesthúsabyggð í suður og austur, og lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar til vesturs. Fyrirhugað íbúðasvæði við Tröllakór og íþróttasvæði Kórahverfis stækka til vesturs á kostnað óbyggðs svæðis, auk breytingar á gönguleið. Þéttleiki svæðisins er áætlaður um 27 íbúðir á ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 31. ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Ytri- og Syðri-Varðgjá.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í landnotkun í landi Ytri- og Syðri-Varðgjár. Annars vegar er bætt við einni íbúðarhúsalóð (2.000 m²) á opnu óbyggðu svæði í landi Ytri-Varðgjár þar sem fyrir eru þrjár stakar íbúðarhúsalóðir. Hins vegar eru settar inn þrjár íbúðarhúsalóðir (samtals 7.000 m²) á opnu svæði í landi Syðri-Varðgjár. Jafnframt er bætt inn á uppdráttinn einni íbúðarhúsalóð ofan vegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31 ágúst 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

hreppsnefndar Reykhólahrepps um samþykkt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 11. júní 2004 samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar norðan Hellisbrautar á Reykhólum.

Deiliskipulagið tekur til 8 lóða fyrir 4 parhús á einni hæð og aðkomu að þeim í íbúðarbyggð á Reykhólum, Austur-Barðastrandarsýslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykhólum, 19. ágúst 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 11/2004 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005.

Á árinu 2005 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2004 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 143/2003 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2005 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2004 til desember 2004. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2004 og skal vera 4% af tekjuskattstofni umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og 8.383.372 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2004 vegna tekna á árinu 2003. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli árana 2003 og 2004.

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir og forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005:

1. gr.

Umsókn um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2005 skal vera skrifleg og rökstudd með nauðsynlegum gögnum, þar sem sýnt er fram á að tekjur ársins 2004 muni lækka verulega miðað við tekjuskattstofn umsækjanda við álagningu 2004 á tekjur ársins 2003.

Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2004.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákvarðaða fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærrí en yrði við álagningu 2005, ef miðað væri við framlagða tekjuáætlun ársins 2004, sbr. 1. gr.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá móttöku hennar.

Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 143/2003 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Hafnarfirði.

Breytingin felst m.a. í að Keiliás er lagður niður og lega Ásbrautar breytist. Austasta hringtorgið færast til vegna spennistöðvar og lóð spennistöðvar minnkar. Lóðir breytast og fjölgar um eina. Stærðir lóða og hámarksbyggingarmagn breytist sem og byggingarreitir. Lega stígs vestast á svæðinu breytist og mörk skipulagssvæðis. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 1. júní 2004. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Engar athugasemdir bárust.

Hafnarfirði, 1. september 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem vísað er til í EES viðbæti nr. 56o í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 51 dags. 9. október 2003 (bls. 21), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 2004.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1406/2002**

frá 27. júní 2002

um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr sáttmálans ⁽⁴⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fjöldi lagaákvæða hefur verið settur í Bandalaginu til að auka öryggi í flutningum á sjó og koma í veg fyrir mengun sem kann að stafa frá þeim. Til að tryggja skilvirkni þarf að beita slíkri löggjöf með viðeigandi og samræmdum hætti í gervöllu Bandalaginu. Það mun tryggja jöfn skilyrði, draga úr röskun á samkeppni af völdum efnahagslegs ávinnings útgerðarféлага, sem fara ekki að settum reglum, og umbuna þeim sem það gera.
- 2) Tiltekin verkefni sem nú eru unnin á vettvangi Bandalagsins eða innanlands, mætti framkvæma af hálfu sérhæfðs aðila. Raunar er þörf á tækni- og vísindalegri aðstoð og öflugri og yfirgripsmikilli sérfræðipækkingu til að beita með réttum hætti löggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn

mengun frá skipum, fylgjast með framkvæmd hennar og meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem eru fyrir hendi. Því er þörf á að koma Siglingaöryggisstofnun Evrópu („stofnuninni“) á fót innan núverandi stofnana- og valdskiptingarkerfis Bandalagsins.

- 3) Almennt séð er rétt að stofnunin gegni hlutverki tækniaðila sem sér Bandalaginu fyrir nauðsynlegum úrræðum til að herða með skilvirkum hætti reglur um almennt siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum. Stofnuninni ber að aðstoða framkvæmdastjórnina við hið viðvarandi verkefni að uppfæra og þróa löggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum og veita nauðsynlegan stuðning til að tryggja samleitna og skilvirka framkvæmd slíkrar löggjafar í gervöllu Bandalaginu með því að aðstoða framkvæmdastjórnina við að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt gildandi löggjöf og framtíðarlöggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum.
- 4) Til að ná fram þeim markmiðum, sem liggja til grundvallar því að stofnuninni var komið á fót, er viðeigandi að hún annist ýmis önnur mikilvæg verkefni sem miða að því að auka siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum á hafsvæðum aðildarríkjanna. Stofnuninni ber, í þessu tilliti, að vinna með aðildarríkjunum að skipulagningu viðeigandi þjálfunar á sviði hafnarrikisefirlits og fánaríkismála og að veita tækniaðstoð í tengslum við framkvæmd löggjafar Bandalagsins. Henni ber að greiða fyrir samstarfi aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ⁽⁵⁾, nánar tiltekið með því að þróa og

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 120 E, 24.4.2001, bls. 83 og Stjtið. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 184.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 221, 7.8.2001, bls. 64.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 357, 14.12.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. júní 2001 (Stjtið. EB C 53 E, 28.2.2002, bls. 312), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. mars 2002 (Stjtið. EB C 119 E, 22.5.2002, bls. 27) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2002.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.

starfrækja hvers kyns upplýsingakerfi sem kann að vera nauðsynlegt fyrir markmið þeirrar tilskipunar og vegna starfsemi sem varðar rannsóknir í tengslum við alvarleg sjóslys. Henni ber að sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum til að gera þeim kleift að vinna hvers kyns nauðsynleg framtaksverkefni til að efla þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og að meta skilvirki þeirra. Henni ber að sjá til þess að þekking í Bandalaginu á sviði siglingaöryggis verði aðgengileg þeim ríkjum sem sækja um aðild. Rétt er að þessum ríkjum sé heimil þátttaka í stofnuninni, sem og öðrum þriðju löndum sem hafa gert samninga við Bandalagið um að innleiða og beita löggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum.

- 5) Stofnuninni ber að stuðla að því að komið verði á betra samstarfi milli aðildarríkja og þróa og miðla bestu starfsvenjum í Bandalaginu. Það ætti aftur að stuðla að því að efla í heild sinni siglingaöryggiskerfi í Bandalaginu auk þess að draga úr hættunni á sjóslysum, sjávarmengun og mannskaða á sjó.
- 6) Til að störf, sem stofnuninni eru falin, séu vel af hendi leyst er við hæfi að starfsmenn hennar heimsæki aðildarríkin til að fylgjast með því hvernig kerfi siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum í Bandalaginu starfar í heild sinni. Rétt er að heimsóknirnar fari fram í samræmi við stefnu sem stjórn stofnunarinnar setur og skulu stjórnvöld aðildarríkjanna greiða fyrir þeim.
- 7) Stofnuninni ber að beita viðeigandi löggjöf Bandalagsins um almennan aðgang að skjölum og verndun einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga. Henni ber að veita almenningi og hagsmunaaðilum hlutlægar, áreiðanlegar og auðskiljanlegar upplýsingar um störf sín.
- 8) Að því er varðar samningsbundna ábyrgð stofnunarinnar, sem er háð þeirri löggjöf sem gildir um samninga sem stofnunin gerir, er rétt að dómstóllinn hafi vald til að kveða upp dóma í samræmi við gerðardómsákvæði í samningnum. Rétt er að dómstóllinn hafi einnig dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns af völdum ósamningsbundinnar ábyrgðar stofnunarinnar.
- 9) Til að tryggja með skilvirkum hætti að stofnunin gegni hlutverki sínu er rétt að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin eigi fulltrúa í stjórn sem hefur nauðsynlegar heimildir til að semja fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með framkvæmd hennar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum vinnureglum við ákvarðanatöku stofnunarinnar, staðfesta

starfsáætlun hennar, leggja mat á beiðnir um tækni-aðstoð frá aðildarríkjunum, marka stefnu um heimsóknir til aðildarríkjanna og skipa framkvæmdastjóra. Í ljósi hinna afar tæknilegu og vísindalegu markmiða og verkefna stofnunarinnar er viðeigandi að í stjórn hennar sitji einn fulltrúi frá hverju aðildarríki og fjórir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar er allir búi yfir yfirgripsmikilli sérfræðipækkingu. Í því skyni að tryggja enn betur sem mesta sérfræðipækkingu og reynslu innan stjórnarinnar og með það að markmiði að tryggja tengsl við þá geira, sem tengjast mest viðfangsefnum stofnunarinnar, ber framkvæmdastjórninni að tilnefna óháða fagmenn úr þessum geirum til setu í stjórn, án atkvæðisréttar, á grundvelli persónulegra verðleika og reynslu á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum en ekki sem fulltrúa tiltekinna fagfélaga.

- 10) Svo stofnunin geti starfað sem skyldi er nauðsynlegt að framkvæmdastjóri hennar sé skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnýs- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu sem tengist siglingaöryggi og vörnum gegn mengun frá skipum og að viðkomandi sinni skyldum sínum algjörlega óháð og af sveigjanleika með tilliti til skipulags á innra starfi stofnunarinnar. Í þessu skyni ber framkvæmdastjórnunum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi framkvæmd starfsáætlunar stofnunarinnar, semja ár hvert drög að almennti skýrslu sem lögð er fyrir stjórnina, gera áætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar.
- 11) Til að tryggja fullt sjálfsforræði og sjálfstæði stofnunarinnar er talið nauðsynlegt að hún hafi sjálfstæðan fjárhag og að tekjur hennar séu fyrst og fremst framlag Bandalagsins.
- 12) Eftir því sem fleiri sjálfstæðar stofnanir hafa verið settar á laggirnar á undanföllum árum hefur fjárveitingavaldið hugað að því að auka gagnsæi og eftirlit með umsýslu fjár sem veitt er til þeirra frá Bandalaginu, einkum varðandi það að þjónustutekjur séu taldar með í fjárlögum-, fjármálastjórn, heimildir til að samþykkja fjárlagameðferð, framlög í lífeyrissjóði og fjárhagsáætlunargerð innan stofnunarinnar (starfsreglur). Með svipuðum hætti er rétt að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾ gildi án takmarkana um stofnunina sem ber að gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999

(¹) Stjtið. EBL L 136, 31.5.1999, bls. 1.

milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾.

- 13) Innan fimm ára frá því að stofnunin hefur starfsemi sína ber stjórn stofnunarinnar að láta fara fram óháð, ytra mat á því hvaða áhrif þessi reglugerð, stofnunin og vinnuaðferðir hennar hafa haft til að koma á siglingaöryggi og vörnum gegn mengun frá skipum á háu stigi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MARKMIÐ OG VERKEFNI

1. gr.

Markmið

1. Með þessari reglugerð er komið á fót Siglingaöryggisstofnun Evrópu (stofnuninni) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum innan Bandalagsins á háu stigi með samræmdum og skilvirkum hætti.

2. Stofnunin skal sjá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni fyrir nauðsynlegri tækni- og vísindaaðstoð og yfirgripsmikilli sérfræðikunnáttu til að liðsinna þeim við að beita löggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum með réttum hætti, hafa eftirlit með framkvæmd hennar og meta skilvirki þeirra ráðstafana sem eru fyrir hendi.

2. gr.

Verkefni

Til að tryggja að markmiðunum, sem tilgreind eru í 1. gr., verði náð með viðeigandi hætti skal stofnunin sinna eftirfarandi verkefnum:

- a) hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina, eftir því sem við á, við að undirbúa uppfærslu og þróun löggjafar Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum, einkum í samræmi við þróun alþjóðlegrar löggjafar á því sviði. Það verkefni skal fela í sér greiningu á rannsóknarverkefnum sem unnin eru á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum,

- b) hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina á skilvirkan hátt við að sjá um framkvæmd löggjafar Bandalagsins um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum í ger-völlu Bandalaginu. Stofnunin skal einkum:

- i) hafa eftirlit með því hvernig hafnarrikisefirtiltskerfi Bandalagsins starfar í heild sinni, sem getur falist í að heimsækja aðildarríkin og leggja tillögur fyrir framkvæmdastjórnina um hvers kyns úrbætur á því sviði,

- ii) veita framkvæmdastjórninni nauðsynlega tækni-aðstoð til að taka þátt í vinnu tæknistofnana Parísar-samkomulagsins um hafnarrikisefirtilit,

- iii) aðstoða framkvæmdastjórnina við vinnu hvers kyns verkefna sem henni eru falin samkvæmt gildandi löggjöf og framtíðarlöggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum, einkum löggjöf sem gildir um flokkunarfélög, öryggi farþegaskipa sem og um öryggi, menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa,

- c) hún skal starfa með aðildarríkjunum við að:

- i) skipuleggja, ef við á, viðeigandi þjálfun á sviðum sem eru á ábyrgð hafnarrikisins og fánarrikisins,

- ii) þróa tæknilegar lausnir og veita tækni-aðstoð sem tengist framkvæmd löggjafar Bandalagsins,

- d) hún skal greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á því sviði sem fellur undir tilskipun 2002/59/EB. Stofnunin skal einkum:

- i) stuðla að samstarfi milli ríkja sem liggja að siglinga-svæðunum sem falla undir þau svið sem sú tilskipun tekur til,

- ii) þróa og starfrækja hvers kyns upplýsingakerfi sem nauðsynlegt er til að ná markmiðum þeirrar tilskipunar,

- e) hún skal greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um þróun sameiginlegrar aðferðarfræði við rannsókn sjóslysa samkvæmt viðurkenndum, alþjóðlegum reglum, að teknu tilliti til ólíkra réttarkerfa aðildarríkjanna, um stuðning við aðildarríkin við störf sem varða rannsóknir, tengdar alvarlegum sjóslysum og um greiningu fyriririggjandi slysarannsóknarskýrslna,

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

- f) hún skal sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum um siglingaöryggi og mengun frá skipum til að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auka siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum og meta skilvirkni ráðstafana sem gerðar hafa verið. Á meðal slíkra verkefna skulu vera söfnun, skráning og mat á tækniupplýsingum á sviði siglingaöryggis og umferðar á sjó sem og á sviði sjávarmengunar, bæði slysatengdrar og vísvitandi, kerfisbundin nýting fyrirbyggjandi gagnagrunna, þ.m.t. vixlnýting þeirra og, eftir því sem við á, þróun viðbótargagnagrunna. Á grundvelli gagna, sem aflað hefur verið, skal stofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við birtingu upplýsinga á hálfis árs fresti um skip sem meinaður hefur verið aðgangur að höfnum Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarrikisefirlit), að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽¹⁾. Stofnunin aðstoðar einnig framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við að endurbæta aðferðir þeirra til að bera kennsl á og veita eftirför skipum sem losa ólöglega,
- g) á meðan samningaviðræður standa yfir við ríki, sem sækja um aðild, má stofnunin veita tækniástoð við framkvæmd lögjafar Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum. Samræma skal það verkefni svæðisbundnum samstarfsáætlunum sem eru fyrir hendi og skal það fela í sér, eftir því sem við á, skipulag viðeigandi þjálfunar.

3. gr.

Heimsóknir til aðildarríkjanna

1. Í því skyni að sinna þeim verkefnum, sem stofnuninni eru falin, er henni heimilt að fara í heimsóknir til aðildarríkjanna í samræmi við stefnu sem stjórnin markar. Innlend yfirvöld aðildarríkjanna skulu greiða fyrir störfum starfsfólks stofnunarinnar.
2. Stofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um fyrirhugaða heimsókn, nöfn embættismanna í sendinefndinni og hvaða dag heimsóknin hefist. Embættismenn stofnunarinnar, sem útnefndir eru til að takast á hendur slíkar heimsóknir, skulu gera það gegn framvisun ákvörðunar framkvæmdastjóra stofnunarinnar þar sem tilgangur og markmið erindisins er tilgreint.
3. Við lok hverrar heimsóknar skal stofnunin semja skýrslu og senda til framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis.

(¹) Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/106/EB (Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 17).

4. gr.

Gagnsæi og vernd upplýsinga

1. Stofnunin skal beita grundvallarreglum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽²⁾, við afgreiðslu umsókna um aðgang að skjölum í vörslu hennar.
2. Stofnuninni er heimilt að veita upplýsingar að eigin frumkvæði á sviðum sem falla undir hlutverk hennar. Hún skal einkum sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái með skjótum hætti hlutlæg, áreiðanlegar og auðskildar upplýsingar um starf hennar.
3. Stjórnin skal setja sér eigin reglur, sem nauðsynlegar eru, um beitingu 1. og 2. mgr.
4. Upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin og stofnunin safna í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽³⁾.

II. KAFLI

INNRA SKIPULAG OG STARFSEMI

5. gr.

Réttarstaða og svæðismiðstöðvar

1. Stofnunin er Bandalagsstofnun. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.
2. Stofnunin skal hafa það rétt hæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.
3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar má stjórnin ákveða með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja að setja á stofn nauðsynlegar svæðismiðstöðvar til að sinna verkefnum sem tengjast eftirliti með siglingum og umferð á sjó eins og kveðið er á um í tilskipun 2002/59/EB.
4. Framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir stofnunina.

(²) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

(³) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

6. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og reglur, sem stofnanir Evrópubandalaganna hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk stofnunarinnar. Stjórnin skal samþykkja nákvæmar reglur um beitinguna, sem nauðsynlegar eru, í samráði við framkvæmdastjórnina.

2. Með fyrirvara um 16. gr. skal stofnunin, að því er varðar eigið starfsfólk, fara með það umboð sem falið er yfirvaldi sem skipar í stöður samkvæmt starfsmannareglum og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna.

3. Starfsmenn stofnunarinnar skulu vera embættismenn, sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin tilnefna eða senda til tímabundinna starfa, eða aðrir starfsmenn sem stofnunin ræður eftir þörfum til að sinna verkefnum fyrir hana.

7. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um stofnunina og starfsfólk hennar.

8. gr.

Bótaábyrgð

1. Um sanningsbundna ábyrgð stofnunarinnar fer að þeim lögum sem gilda um viðkomandi samning.

2. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem stofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða ábyrgð, sem ekki er sanningsbundin, skal stofnunin bæta það tjón sem deildir hennar eða starfsmenn kunna að valda við skyldustörf sín, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna.

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur í 3. mgr.

5. Um persónulega ábyrgð starfsmanna gagnvart stofnuninni fer eftir þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum eða ráðningarskilmálum þeirra.

9. gr.

Tungumál

1. Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu⁽¹⁾, gilda um stofnunina.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi stofnunarinnar.

10. gr.

Stofnun og heimildir stjórnar

1. Hér með er sett á stofn stjórn.

2. Stjórn stofnunarinnar skal:

a) skipa framkvæmdastjóra skv. 16. gr.,

b) samþykkja almenna skýrslu stofnunarinnar fyrir næstliðið ár, fyrir 30. apríl ár hvert, og framsenda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar,

c) taka til athugunar, innan ramma undirbúnings að gerð starfsáætlunarinnar, beiðnir frá aðildarríkjunum um tækniástoð, eins og um getur í ii-lið c-liðar 2. gr,

d) samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar fyrir komandi ár fyrir 31. október ár hvert, að teknu tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar, og framsenda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Þessi starfsáætlun skal samþykkt með fyrirvara um árlega fjárlagagerð Bandalagsins. Ef framkvæmdastjórnin lýsir sig ósamþykka starfsáætluninni innan 15 daga frá því að hún er samþykkt skal stjórnin endurskoða áætlunina og samþykkja hana, hugsanlega með breytingum, innan tveggja mánaða í annarri umræðu annað hvort með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þ.m.t. fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, eða með samhljóða samþykki fulltrúa aðildarríkjanna,

⁽¹⁾ Stjótið. 17. 6.10.1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

- e) samþykkja endanlega fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir upphaf fjárhagsárs og aðlaga hana, ef nauðsyn krefur, með hliðsjón af framlagi Bandalagsins og öðrum tekjulíðum stofnunarinnar,
- f) koma á málsmeðferð fyrir ákvarðanatöku framkvæmdastjórnans,
- g) marka stefnu um heimsóknir sem fara á í skv. 3. gr.,
- h) sinna skyldum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skv. 18., 19. og 21. gr.,
- i) vera yfir framkvæmdastjóra sett og einnig sviðsstjórana sem um getur í 3. mgr. 15. gr.,
- j) setja sér starfsreglur.

11. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og fjórum fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar, svo og fjórum fagmönnum úr þeim geirum sem málið varðar mest, án atkvæðisréttar, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir.

Stjórnarmenn skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðipækkingar á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum.

2. Hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu skipa sína stjórnarmenn, auk varamanns sem verður staðgengill stjórnarmannsins í fjarveru hans/hennar.
3. Skipunartími er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímamann einu sinni.
4. Þátttaka fulltrúa þriðju landa og skilyrði fyrir henni skulu vera með því fyrirkomulagi, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., eftir því sem við á.

12. gr.

Formennska stjórnar

1. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum röðum. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns í forföllum hans.
2. Skipunartími formanns og varaformanns er þrjú ár og lýkur þegar stjórnarsetu þeirra lýkur. Heimilt er að endurnýja skipunartímamann einu sinni.

13. gr.

Fundir

1. Formaður boðar til stjórnarfunda.
2. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar tekur þátt í umræðum.
3. Stjórnin skal halda tvo reglubundna fundi á ári. Að auki kemur stjórnin saman að frumkvæði formanns eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða þriðja hluta aðildarríkjanna.
4. Ef um er að ræða trúnaðarmál eða hagsmunaárekstra er stjórninni heimilt að ákveða að taka fyrir tiltekna dagskrárlíði án nærveru þeirra stjórnarmanna sem tilnefndir eru sem sérfræðingar fyrir hönd þeirra geira sem málið varðar helst. Kveða má nánar á um beitingu þessa ákvæðis í starfsreglum stjórnar.
5. Stjórn má bjóða hverjum þeim sem kann að hafa eitt-hvað til málanna að leggja að síta fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.
6. Með fyrirvara um ákvæði starfsreglna stjórnar er stjórnarmönnum heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga.
7. Stofnunin annast skrifstofuhald stjórnar.

14. gr.

Atkvæðagreiðsla

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta atkvæðisbærra stjórnarmanna.
 2. Hver stjórnarmaður greiðir eitt atkvæði. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar greiðir ekki atkvæði.
- Í fjarveru stjórnarmanns hefur varamaður hans rétt til að neyta atkvæðisréttar síns.
3. Í starfsreglum skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum skilyrði fyrir því að stjórnarmaður komi fram fyrir hönd annars stjórnarmanns.

15. gr.

Skyldur og heimildir framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjóri fer með stjórn stofnunarinnar og skal vera algjörlega óháður öðrum við embættisfærslu sína með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar og stjórnar stofnunarinnar.

2. Skyldur og heimildir framkvæmdastjórans skulu vera sem hér segir:

- a) hann skal semja starfsáætlun og leggja hana fyrir stjórnina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Hann skal gera viðeigandi ráðstafanir um framkvæmd hennar. Hann skal svara öllum beiðnum um aðstoð frá framkvæmdastjórninni eða frá aðildarríki í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr.,
 - b) hann skal taka ákvarðanir um heimsóknirnar, sem kveðið er á um í 3. gr., að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og í samræmi við stefnuna sem stjórnin markar skv. g-lið 2. mgr. 10. gr.,
 - c) hann skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að stofnunin starfi í samræmi við ákvæði þessrarar reglugerðar, þ.m.t. samþykkt innri stjórnsýslufyrirmæla og birting auglýsinga,
 - d) hann skal skipuleggja skilvirkt eftirlitskerfi svo að unnt sé að bera saman árangur stofnunarinnar við sett markmið hennar. Á grundvelli þessa skal framkvæmdastjórinn semja ár hvert drög að almennri skýrslu og leggja hana fyrir stjórnina. Hann skal koma á fót reglulegu matsferli sem uppfyllir viðurkennda fagstaðla,
 - e) hann skal fara með það umboð, að því er varðar starfsfólk, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.,
 - f) hann skal taka saman áætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. og sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar skv. 19. gr.
3. Framkvæmdastjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri sviðsstjóra. Einn af sviðsstjórunum skal koma í stað framkvæmdastjóra í fjarveru hans eða forföllum.

16. gr.

Skipun framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal skipaður á grundvelli verðleika og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika auk hæfni og reynslu á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun frá skipum. Stjórnin skal taka ákvörðun með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna. Framkvæmdastjórnin má gera tillögur um framkvæmdastjóraefni.

Stjórnin skal hafa vald til að segja framkvæmdastjóranum upp samkvæmt sömu málsmeðferð.

2. Skipunartími framkvæmdastjóra er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann einu sinni.

17. gr.

Þátttaka þriðju landa

1. Þriðju löndum, sem hafa gert samninga við Evrópu-Bandalagið sem fela í sér að þau innleiða og beita lögum Bandalagsins á sviði siglingaöryggis og varna gegn mengun sjávar frá skipum, er heimil þátttaka í stofnuninni.

2. Samkvæmt viðeigandi ákvæðum þessara samninga verður komið á fyrirkomulagi þar sem tilgreint er m.a. eðli og umfang ítarlegra reglna um þátttöku þessara landa í starfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði um fjárframlög og starfsfólk.

III. KAFLI

FJÁRHAGSLEGAR KRÖFUR

18. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Tekjur stofnunarinnar skulu samanstanda af:

- a) fjárframlögum frá Bandalaginu,
- b) hugsanlegum framlögum frá þriðju löndum sem kunna að taka þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við 17. gr.,
- c) innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni, hjálfun og/eða hverja þá þjónustu aðra sem stofnunin veitir.

2. Til útgjalda stofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmannahalds, stjórnunar, skipulags og rekstrar.

3. Framkvæmdastjórinn skal gera áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi fjárhagsár og leggja hana fyrir stjórnina ásamt yfirliti yfir stöðugildi.

4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

5. Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skal stjórnin samþykka drög að fjárhagsáætlun ásamt bráðabirgðastarfsáætlun og senda framkvæmdastjórninni og þeim þriðju löndum sem taka þátt í starfi stofnunarinnar í samræmi við 17. gr.

Á grundvelli þessara draga skal framkvæmdastjórnin fella viðeigandi fjárhagsáætlun inn í drögin að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins sem henni ber að leggja fyrir ráðið skv. 272. gr. sáttmálans. Ekkí skal farið út fyrir ramma samþykkrar fjárlagaáætlunar Bandalagsins fyrir næstu ár.

6. Þegar almenn fjárlög Evrópusambandsins hafa verið samþykkt skal stjórnin samþykkja fjárhagsáætlun stofnunarinnar og endanlega starfsáætlun og laga þær eftir þörfum að framlagi Bandalagsins. Hún skal tafarlaust senda þær framkvæmdastjórninni, fjárveitingavaldinu og þeim þriðju löndum sem taka þátt í starfi stofnunarinnar.

19. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar stofnunarinnar.

2. Eftirlit með skuldbindingum, greiðsla á öllum gjöldum og eftirlit með ákvörðun tekjustofna og innheimtu tekna stofnunarinnar skal vera í höndum fjármálastjóra framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ekki seinna en 31. mars ár hvert skal framkvæmdastjórinn senda framkvæmdastjórninni, stjórn stofnunarinnar og endurskoðunarréttinum sundurliðuð reikningsskil yfir allar tekjur og gjöld frá næstliðnu ári.

Endurskoðunarrétturinn fer yfir reikningsskilin í samræmi við 248. gr. sáttmálans. Hann skal birta árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

4. Evrópuþingið skal, að fengnum tilmælum frá stjórninni, samþykkja fjárlagameðferð framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

20. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögum starfsemi skulu ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1073/1999 gilda um stofnunina án takmarkana.

2. Stofnunin skal gerast aðili að samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um alla starfsmenn hennar.

3. Í ákvörðunum um fjármögnun og í samningum og gerningum til framkvæmdar þessum ákvörðunum skal sérstaklega mælt fyrir um að endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum sé heimilt að láta fara fram vettvangsskoðun, ef þörf krefur, hjá þeim sem fá fé frá stofnuninni og þeim aðilum sem annast úthlutun þess.

21. gr.

Fjárhagsákvæði

Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar og álitu endurskoðunarréttarins skal stjórnin samþykkja fjárhagsreglugerð stofnunarinnar. Í þessari fjárhagsreglugerð skal einkum tilgreina þá málsmeðferð, sem beitt er við að semja og hrinda í framkvæmd fjárhagsáætlun stofnunarinnar, í samræmi við 142. gr. fjárhagsreglugerðarinnar frá 21. desember 1977 um fjárlög Evrópubandalaganna⁽¹⁾.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Mat

1. Innan fimm ára frá því að stofnunin hefur starfsemi sína skal stjórn stofnunarinnar láta fara fram óháð, ytra mat á framkvæmd þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórinn skal láta stofnuninni í té hvers kyns upplýsingar sem stofnunin telur að skipti máli í tengslum við matið.

2. Matið skal leiða í ljós hvaða áhrif þessi reglugerð, stofnunin og vinnuaðferðir hennar hafa haft til að koma á siglingaöryggi og vörnum gegn mengun frá skipum á háu stigi. Stjórnin skal gefa út sérstakt skipunarbréf með samþykki framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við aðilana sem í hlut eiga.

3. Stjórnin tekur við niðurstöðum matsins og gefur út tilmæli um breytingar á þessari reglugerð, stofnuninni og vinnuaðferðum hennar til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórinn skal senda bæði niðurstöður matsins og tilmælin til Evrópuþingsins og ráðsins og þau skulu einnig birt opinberlega.

23. gr.

Upphaf starfsemi stofnunarinnar

Stofnunin skal hefja starfsemi sína innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 356, 31.12.1977, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB, KSE, KBE) nr. 762/2001 (Stjórnartíð. EB L 111, 20.4.2001, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. ARIAS CAÑETE

forseti.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2003

2003/EES/51/17

frá 20. júní 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauki við samninginn breytist í samræmi við ákvæði viðaukans við þessa ákvörðun.

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ hefur það markmið að tryggja góðar, jafnar og skilvirkar varnir gegn sjóslysum og mengun frá skipum í bandalaginu.
- 3) Starfsemi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu getur leitt til breytinga á vörnum gegn sjóslysum og mengun frá skipum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 4) Af þessum sökum ber að fella reglugerð (EB) nr. 1406/2002 inn í samninginn til þess að EFTA-rikin geti tekið fullan þátt í starfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1406/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 19.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

VIÐ ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR NR. 81/2003

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 56n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002) í XIII. viðauka (flutningastarfsemi) við samninginn:

„56o. **32002 R 1406:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Með fyrirvara um önnur ákvæði hér á eftir og ákvæði bókuar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-rikkanna auk þeirra ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni. Beita skal 11. mgr. bókuar 1.
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin ber stofnuninni, ef og þegar við á, að veita Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndinni, eftir því sem við á, aðstoð við að inna verkefni sín af hendi.“
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr.:

„4. Þegar um er að ræða heimsóknir til EFTA-ríkis skal stofnunin einnig senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrsluna.“
- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. gr.:

„Að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl frá stofnuninni sem varða EFTA-ríkin.“
- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr.:

„4. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. skilmála um ráðningu annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-rikkanna sem hafa full borgaraleg réttindi.“
- f) Eftirfarandi málsgrein bætist við 7. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita bókuninni um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna, ásamt gildandi reglum sem samþykktar hafa verið í samræmi við þá bókun, gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar.“
- g) Í stað orðanna ‘ráðinu og framkvæmdastjórninni’ í b-lið 2. mgr. 10. gr. komi orðin ‘ráðinu, framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA’.“
- h) Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„5. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi stjórnarinnar og skulu hafa sömu réttindi og skyldur þar og aðildarríki ESB, að undanskildum atkvæðarétti.“
- i) Eftirfarandi málsgrein bætist við 18. gr.:

„7. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af því framlagi frá bandalaginu sem um getur í fyrsta undirlíð 1. mgr. Í þessu skyni skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 við samninginn, að breyttu breytanda.“
- j) Eftirfarandi setning bætist við í lok 3. mgr. 22. gr.:

„Samtímis skal Framkvæmdastjórnin jafnframt senda fastanefndinni niðurstöðurnar og tilmælin og skal hún koma þeim áfram til EFTA-rikkanna.““

**EVROPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ
SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN**

Um leið og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003 er samþykkt ber einnig að samþykkja eftirfarandi sameiginlega yfirlýsingu:

Sameiginleg yfirlýsing sem skrá skal í samþykktu fundargerð fyrir ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð (EB) nr. 1406/2002 inn í samninginn

„Eftir að þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur verið samþykkt og þar til hún öðlast gildi er stjórn stofnunarinnar heimilt að bjóða EFTA-rikinum að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar.“

**SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Sumartónleika í Skálholtskirkju.**

1. gr.

Stofnunin heitir Sumartónleikar í Skálholtskirkju. Heimili hennar er í Skálholti í Bláskógabyggð, Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er:

- a) Að standa fyrir tónleikahaldi í Skálholti um hásumarið og flytja þar sígilda tónlist úr fortíð og samtíð sem samræmist helgi staðarins.
- b) Að gefa öllum sem í Skálholtskirkju koma kost á að njóta vandaðrar tónlistar.
- c) Að stuðla að nýsköpun íslenskrar tónlistar, einkum kirkjutónlistar.
- d) Að leggja rækt við túlkun barokktónlistar.
- e) Að rækta tónlistararf þjóðarinnar.
- f) Að gefa íslenskum hljóðfæraleikurum og söngvurum tækifæri til verðugra verkefna.
- g) Að sinna fræðslustarfi í tengslum við tónlistarhaldið.
- h) Að reka tónlistarbúðir í tengslum við tónlistarhaldið.

3. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru Helga Ingólfssdóttir, kt. 250142-2269, sem verið hefur listrænn stjórnandi Sumartónleikanna frá byrjun þeirra árið 1975, auk embættis vígslubiskups í Skálholti.

Stofnfé eru eignir Sumartónleikanna í Skálholti við staðfestingu á skipulagsskrá þessari. Um er að ræða inneign í sjóði og hljóðfæri, skv. meðfylgjandi skrá og eru eignir metnar í endurskoðuðum ársreikningi þann 31. desember 2003 kr. 981.950.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Arður og vextir af stofnfé.

- b) Framlög ríkis, þjóðkirkjunnar, stofnana og sjóða.
- c) Framlög fyrirtækja og einstaklinga.
- d) Söfnunarfé.
- e) Önnur þau verðmæti, sem stofnuninni kunna að áskotnast.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum sem eru tilnefndir af eftirfarandi til fjögurra ára í senn:

- a) Vígslubiskupnum í Skálholti, sem tilnefnir formann.
- b) Menntamálaráðherra.
- c) Tónlistardeild Listaháskóla Íslands.
- d) Stjórnin skal ekki þiggja þóknun fyrir almenn stjórnunarstörf sín.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar varðveitir fé og önnur verðmæti stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar. Stjórnin ver fjármunum að öðru leyti í samræmi við tilgang stofnunarinnar. Stjórnin ræður listrænan stjórnanda að stofnuninni. Hann ræður aðra sem að starfinu kunna að koma.

7. gr.

Reikningsár er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Skal endurskoðuðum reikningum ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á árinu skilað til ríkisendurskoðanda fyrir 30. júní ár hvert.

8. gr.

Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar til Skálholtskirkju. Um breytingu á skipulagsskrá þessari eða niðurfellingu stofnunarinnar fer að öðru leyti að lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Stofnunin skal starfa samkvæmt hinni nýju skipulagsskrá að loknu tónleikahaldi sumarið 2004 og eigi síðar en 1. september það ár.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 2004.

F. h. r.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Fylgiskjal.**Skrá yfir hljóðfæri Sumartónleika í Skálholtskirkju 31. desember 2003.***Hljóðfæri í vörslu einstaklinga*

Barokkfiðla, David Hopf, ásamt aukaboga
 Barokklágfiðla, Matthieu Besseling
 Barokkcelló, ásamt aukaboga
 Barokk-óbó d'amore, Ponsele M&F
 Violone

Í vörslu

Hildigunnur Halldórsdóttir
 Guðrún Hrund Harðardóttir
 Sigurður Halldórsson
 Gunnar Þorgeirsson
 Gunnlaugur Stefánsson

Keypt

október 1988
 maí 1990
 maí 1991
 október 1991
 maí 1992

Hljóðfæri varðveitt í Skálholti

Aðild að kammerorgeli, Klop
 Hlutdeild í sembal, Willem Krousbergen

Athugasemdir

Ekki talið til eigna
 Að 2/3 hluta

Keypt

júní 1988
 október 1989

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi við Strikið 6 í Sjólandi í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í við Strikið 6, sem er hluti Jónshúss í Sjólandi í Garðabæ.

Í breytingunni felst að heimilt er að breyta byggingarreit kjallara neðanjarðar undir garði hússins. Skipulagsskilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 2. september 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Mosfellsbæ.**

Deiliskipulag frístundasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum frístundalóðum. Stærð lands er 3,75 ha. Á lóð 1 má reisa fjögur frístundahús, hámarkstærð 40 m². Á lóð B er hámarksstærð frístundahúss 70,5 m², þar má einnig reisa 15,05 m² gróðurhús. Á lóð A2 og C má reisa 71 m² frístundahús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2,3 ha frístundalóð, hámarksstærð húss 90 m², stærð geymslu 20 m², hámarkshæð 7,5 m².

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfði 24.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfða 24, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Breytingin varðar stækkun á byggingarreit. Byggingarreitur stækkar að hluta um 2 m til suðurs og 1 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. ágúst 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Höfðahverfis, Þrastarhöfði, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Þrastarhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júní 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 111 íbúðum, 68 íbúðum í fjölbýli og 43 íbúðum í rað-, par- og einbýlishúsum. Svæðið afmarkast af Blika- og Hrafnshöfða, Baugshlíð og Blika- staðalandi. Jafnframt breytist stofnanasvæði Höfðahverfis í íbúðasvæði sem tilheyrir Þrastarhöfða.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. september 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Hellnahraun athafnasvæði, 1. áfangi“ Móhella 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hellnahraun athafnasvæði, 1. áfangi“ í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. september 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá nr. 353/1994 vegna mats á umhverfisáhrifum með síðari breytingum nr. 789/1998, 111/2000 og 957/2000.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.900“ í 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar kemur: 5.200.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 14. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, öðlast gildi 1. október 2004.

Umhverfissráðuneytinu, 7. september 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2004

7. september 2004

1875

Nr. 746

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9002	Rauðkál	13.09.–30.09.04.	ótilgr.	0	100
0704.9004	Spergilkál	08.09.–19.09.04.	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. september 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Skildinganes, Skeljanes 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 25. ágúst 2004, breytingu á deiliskipulagi Skildinganess varðandi lóðina nr. 6 við Skeljanes.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rimahverfi, Sóleyjarrimi 1-23.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 25. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi Rimahverfis varðandi lóðirnar nr. 1-23 við Sóleyjarrima.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Athafnasvæði Grafarholti, Vínlandsleið 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júní 2004, breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Grafarholti varðandi lóðina nr. 1 við Vínlandsleið.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ártúnsholt, Bleikjukvísl 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. ágúst, breytingu á deiliskipulagi Ártúnsholts varðandi lóðina nr. 10 við Bleikjukvísl. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. september 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
745	7. sept.	Gjaldskrá um breytingu á gjaldskrá nr. 353/1994 vegna mats á umhverfisáhrifum með síðari breytingum nr. 789/1998, 111/2000 og 957/2000	1874
746	7. sept.	Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1875
747	8. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1876

